

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

**Fundargerð 109. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 4. nóvember 2016, haldinn á skrifstofu eftirlitsins í Bolungarvík kl. 15:00. Mættir voru: Anton Helgason, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Hildur Halldórsdóttir, Kolfinna Guðmundsdóttir, Jón Hörður Elíasson í stöðugu símasambandi.**

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017
2. Mál úr eftirlitinu
3. Umhverfis og skipulagsmál.
4. Sveitarfélög
5. Umhverfisstofnun
6. Matvælastofnun
7. Ráðuneyti
8. Starfsleyfi fyrirtækja
9. Tímabundin starfsleyfi vegna brennu
10. Tóbaksóluleyfi
11. Umsagnir til sýslumanns vegna veitinga og gistinga
12. Tækifærisleyfi, umsagnir til sýslumanns
13. Önnur mál
14. Fundadagsetningar, tillaga.

## Dagskrá

1. **Fjárhagsáætlun fyrir 2017.** Heilbrigðisfulltrúi lagði fram fjárhagsáætlun og drög að kostnaðarskiptingu fyrir árið 2017. Heilbrigðisnefnd samþykkir framkomna fjárhagsáætlun og felur heilbrigðisfulltrúa að kynna hana fyrir sveitarfélögum

Gjaldskrá: Heilbrigðisfulltrúa falið að vinna nýja gjaldskrá

## 2. Mál úr eftirliti

- Ísfell, kvörtun vegna lykta frá nótaþvottastöð á Flateyri og frá úrgangsgámi. Heilbrigðiseftirlitið mætti á staðinn og staðfesti lykt bæði frá gámi hjá gámaþjónustunni og eins af nótaþvottastöð. Fundað var með forráðamönnum Ísfells, um frágang og verklag.
- Brenna á Suðurtanga verslunarmannahelgi 2016, eins og fram kom á síðasta fundi fór brenna Mýraboltans úr böndunum, bæði var mikið af efni á brennunni sem ekki má brenna og eins lokaði í brennunni umfram tiltekinn tíma. Málinu hefur verið vísað til lögreglu, en brot gegn þessum ákvæðum varða allt að tveggja ára fangelsi og sektum.
- Neysluvatnssýni á Flateyri stóðst ekki kröfur við endurtekna sýnatöku 31. ágúst og 12. september. Íbúar beðnir um að sjóða vatn. Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir málinu en ljóst er að ekki var brugðist við skv. ákvæðum reglugerðar, þ.e. auglýsa vatnssuðu strax við fyrstu niðurstöður. Fundað hefur verið með bæjaryfirvöldum vegna þessa máls. Niðurstaðan er að heilbrigðiseftirlitið breytir sínu verklagi og kemur upplýsingum á framfæri við íbúa, um leið og bæjaryfirvöld við fyrsta sýni sem staðfest er að ekki stenst kröfur en bíður ekki

eftir endurtekningu. Vatnsveitan tekur upp innra eftirlit með peruskriptum þannig að skipt verður um perur skv. leiðbeiningum framleiðanda og sett upp fjarvöktun á kerfið til að tryggja að alltaf sé kveikt á tækjum. Markmið með aðgerðum er að tryggja að neysluvatn standist alltaf kröfur.

- Vatnsýni í Súðavík stóðst ekki kröfur 22. sept vegna saurkólí, íbúar beðnir um að sjóða vatn. Brugðist var strax við skv. ákv. reglugerðar og ný sýni tekin. Næstu sýni stóðust kröfur.
- Undanþága frá laugargæslu fyrir Þingeyri, Flateyri og Suðureyri fyrir veturinn 2016 – 2017 samþykkt.
- Undanþága fyrir Sundlaugina á Hólmavík fyrir laugargæslu skv. 11 gr veturinn 2016 -2017. samþykkt
- Umsókn um æfingasvæði til iðkunar skotíþróttá á Patreksfirði. Kynnt

### **3. Umhverfis og skipulagsmál.**

- Tvö mál bíða umsagnar
- Stækkun seiðaeldisstöðvar Artic Smolt að Norðurbotni Tálknafirði fyrir 10. október
- Vestfjarðavegur milli Bjarkarlundar og Skálaness fyrir 22.október

### **4. Sveitarfélög.**

- Gjaldskrá fyrir sorpgjöld í Ísafjarðarbæ Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða gjaldskrá.
- Gjaldskrá vegna númerslausra bíla, sett samkvæmt samþykkt um þrifnað utanhúss nr, 910/2015. Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða gjaldskrá.
- Samþykkt um fráveitu Ísafjarðarbæjar. Samþykktin er byggð á fráveitu samþykkt Ísafjarðarbæjar en ákvæði varðandi rotþrær og tæmingu skýrð. Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða samþykkt.

### **5. Umhverfisstofnun, bréf til kynningar**

- Reglubundið eftirlit 08.08 2016 hjá Bæjarvík ehf
- Vegna erindis um niðurrif skipa
- Reglubundið eftirlit 10.08 2016 hjá Eldisvörr ehf
- Reglubundið eftirlit 08.08. 2016 hjá Artic Smolt ehf.
- Reglubundið eftirlit 9. ágúst 2016 hjá Tungusilungi
- Reglubundið eftirlit 12.08 hjá Háfelli ehf
- Reglubundið eftirlit 11.08 2016 hjá Fjarðarlaxi ehf Patreksfirði og Tálknafirði
- Reglubundið eftirlit 15.08 hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf
- Skýrsla um niðurstöður eftirlits með raf- og rafeindatækjum 2015 Umhverfisstofnun
- Fundargerð Hollustuháttarhóps 11.10 2016 Yfirlit yfir reglugerðir

### **6. Matvælastofnun, bréf til kynningar**

- Sala, Beint frá býli er starfsleyfis skyld
- Skoðunarhandbók og verklag við framkvæmd eftirlits, 12 ferðir skv. nýrri skoðunarhandbók
- Viðbrögð við saurgerlamenguðu neysluvatni
- Nýjar reglur um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli

- Starfsleyfi fyrir kjötsölu, beint frá býli
- Ólöglegt lyfjavirkt efni í megrunartei
- Nýlegar iðrasýkingar af völdum salmonellu 17. 10 2016
- Heilsa ehf. innkallar Ichoc „Milkless“ súkkulaði vegna villandi merkinga

## 7. Frá Ráðuneytum

- Reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli nr. 856/2016
- Reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisíoxíð, bensen, kolsýring, svífryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings. Kynnt.
- Samþykkt um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi. Kynnt

## 8. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

| Kennitala    | Heiti                          | Sveitarfélag     | Heiti atvinnugreinar                 |
|--------------|--------------------------------|------------------|--------------------------------------|
| 651016-0530- | Ba110 ehf                      | Vesturbyggð      | Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir) |
| 171066-2989- | Sætt og Salt - Elsa G Borgarsd | Súðavíkurhreppur | Súkkulaði- og sælgætisgerð lítil     |

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

| Kennitala    | Heiti                               | Sveitarfélag     | Heiti atvinnugreinar   |
|--------------|-------------------------------------|------------------|--|
| 250664-3389- | Ögur 2 - Herdís Ellen Gunnarsdóttir | Súðavíkurhreppur | Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús) |
| 701002-2880- | Umhverfisstofnun                    | Ísafjörður       | Almenningssalerni  |

## 9. Tímabundin starfsleyfi vegna brennu

- Vakin er athygli á að nú fer í hönd tími áramótabrenna og þá er rétt að hafa í huga, að um þær gilda ákveðnar reglur varðandi það efni sem fer á brennu, varðandi olíunotkun, varðandi brunatíma og varðandi hreinsun svæðis eftir brennu. Heilbrigðiseftirlitið mun gera kröfur um að brennuefni sé eingöngu hreint timbur. Vakin er athygli á brennur er ekki leið til að farga úrgangi heldur er þeim ætlað að vera til ánægju og yndisauka fyrir bæjarbúa.

## 10. Tóbakssöluleyfi

- Tóbakssöluleyfi fyrir Albínu89 ehf Patreksfirði

- Tóbakssöluleyfi Hótel Djúpuvík
- Tóbakssöluleyfi fyrir Vegamót Bíldudal

### **11. Rekstrarleyfi, umsagnir til Sýslumanns**

Umsögn vegna Fitjateigs 3, Hnífsdal vegna gistingar

Umsögn um rekstarleyfi, Sjóbataleigan Fjarðargata 10 Þingeyri

Umsögn um rekstarleyfi Flateyrarvagninn ehf., Hafnarstræti 19, 425 Flateyri.

Umsögn um rekstarleyfi Ögur 2, Súðavíkurbreppi.

### **12. Tækifærisleyfi**

- **Heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa**

- Félagsheimili Oddfellowa árshátíð 22. október tækifærisleyfi
- Umsögn um tækifærisleyfis, Félagsheimilið Þingeyri vegna Hjónaballs 2016

### **13. Önnur mál kynnt.**

- Fyrirspurn SVP um eftirlit með leikskólum
- Aðalfundur SHÍ 11. október 2016
- Skýrsla stjórnar, ársreikningur SHÍ
- Útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería og salernisaðstaða ferðamanna erindi frá Sóttvarnarlækni
- Sóttvarnaráæltun Hafnir og skip drög 2 2016
- **Fundadagsetningar 2016:**
  - 6. fundur 9. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:25

